



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginlegar reglur

Samþykkt 19.05.2014



Sameiginlegar reglur fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Eftirfarandi sameiginlegar reglur fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu grundvallast á samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Reglurnar mynda sameiginlegan grunn en sveitarfélögunum er heimilt að vera með sértækar reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og við gerð þeirra er stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

1. Notendur þjónustunnar

Ferðapjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa höfuðborgarsvæðisins (Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness) sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) Hjólastólanotendur
- b) Blindir
- c) Ófærir um að nota almenningsvagnþjónustu vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði er að fötlun umsækjenda falli að skilgreiningu laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingumog að hann eiga ekki rett á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til ferðapjónustu samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélögin geta veitt undantekningu frá þessu vegna sérstakra aðstæðna, s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið viðkomandi.

Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og áður notað ferðapjónustu fatlaðs fólks á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

2. Umsóknir

Umsókn um ferðapjónustu fatlaðs fólks skal senda til viðkomandi sveitarfélags þar sem umsækjandi býr. Skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

3. Þjónustutími

Þjónustutími ferðarþjónustu fatlaðs fólks miðast við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs.

Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

4. Réttur til þjónustu

Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins. Hámark á fjölda ferða er ákvarðað af hverju sveitarfélagi fyrir sig og skráist þar í aksturskerfi Strætó. Heimilt er að veita þeim er nota þjónustuna daglega vegna vinnu eða skóla kost á fleiri ferðum.

5. Pantanir/afpantanir

Notendur skrá pantanir á netinu eða gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Ekki er hægt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. 2 tíma fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er. Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Ekki er hægt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera 4 einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klst. fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

6. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins. Sveitarfélögunum er heimilt að setja þak á lengd ferða innan svæðisins og /eða miða greiðslur við lengd ferða. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notandaaðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningssvögnum.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir tögum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri tilbaka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

7. Aðrir farþegar ogaðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir 6 ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einsamall að mati sveitarfélags skal aðstoðarmaður fylgja honum. Viðkomandi sveitarfélag greiðir laun og annan kostnað aðstoðarmanns. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

8. Gjald og þjónustusvæði

Fargjald notenda fyrir ferðaþjónustu tekur mið af almenningssamgöngum og er ákvarðað í gjaldskrá hvers sveitarfélags fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Þjónustusvæði ferðaþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

9. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að ferðaþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði laga, reglugerða og leiðbeininga velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24.janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir ferðaþjónustu fatlaðs fólks skal til þess, hafa aukin ökuréttindi, hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla og lagt fram sérstakt sakavottorð við umsókn sína.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk, þannig að hann sé vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennrar hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

10. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

11. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.



12. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

13. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustu hvers sveitarfélags taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sveitarfélaganna.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi sveitarfélags.

14. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að ákvörðun verði endurskoðuð innan sveitarfélagsins. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun félagsþjónustu sveitarfélagsins er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

15. Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsþjónustu síns sveitarfélags til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

16. Gildistaka

Samkomulag þetta og síðari breytingar á því skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að því og tekur það gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það.

Reykjavík 19. maí 2014

Fh. Hafnarfjarðar

Fh. Garðabæjar

Fh. Kópavogsbæjar

Fh. Reykjavíkurborgar

Fh. Seltjarnneshæsbæjar

Fh. Músfellsbæjar